

Tillaga til 438. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. júní 2019

Tillaga 1064. fundar bæjarráðs frá 3. júní sl. um að samið verði við Vestfirska verktaka ehf. um viðhaldsframkvæmdir á Grunnskóla Suðureyrar.

3. Grunnskóli Suðureyrar, framkvæmdir 2019 - 2018110033

Lagt fram bréf Brynjars Þórs Jónassonar, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dagsett 29. maí sl., þar sem lagt er til að samið verði við Vestfirska verktaka ehf. um viðhaldsframkvæmdir á Grunnskóla Suðureyrar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja verkefnið og gera viðauka þar sem 14 milljónir verði teknar af ófyrirséðum kostnaði og 1 milljón af snjómokstri. Bæjarráð felur bæjarstjóra að útbúa viðauka og leggja hann fyrir bæjarstjórn.